

Málsnúmer: MOS23050006/07/08/09/10
Málalykill: K230814_RG
Bréfalykill: 13310

14. ágúst 2023

Fundargerð samstarfsnefnda
Félagsráðgjafafélags Íslands, Félags sjúkráðgjafafélags Íslands,
Sálfræðingafélags Íslands og Proskapjálffélags Íslands annars vegar,
og
Reykjavíkurborgar hins vegar

Fundur samstarfsnefnda ofangreindra BHM-félaga og Reykjavíkurborgar var haldinn mánudaginn 14. ágúst 2023 og hófst klukkan 15:00.

Fundinn sátu: Steinunn Bergmann, f.h. Félagsráðgjafafélags Íslands, Þóra Leósdóttir, f.h. Iðjupjálffélags Íslands, Anna María Frímannsdóttir, f.h. Sálfræðingafélags Íslands, Gunnlaugur Briem, f.h. Félags sjúkráðgjafafélags Íslands, Laufey Gissurardóttir, f.h. Proskapjálffélags Íslands, Raket Guðmundsdóttir, Einar Geir Þorsteinsson og Kolbeinn Guðmundsson, f.h. Reykjavíkurborgar.

1. Bókun um hækkun annarra launa:

Með kjarasamningum aðila, dags. 17. maí sl., var samþykkt bókun þess efnis að á samningstímanum skyldu önnur laun skv. gr. 1.1.3. í kjarasamningunum taka hækkun um 5% frá 1. apríl 2023. Aðilar eru ásáttir um að þrátt fyrir umrædda bókun skulu önnur laun félagsmanna ofangreindra félaga hækka um 6,75% frá 1. apríl sl.

Framangreind ákvörðun er afmörkuð við önnur laun starfsfólks skv. samkomulagi þess efnis milli starfsmanns og stjórnanda og tekur t.a.m. ekki til sérstakra ákvarðana um greiðslu annarra launa til hópa starfsfólks, t.d. starfsfólks leikskóla eða í heimaþjónustu, sjá nánar sérstakar ákvarðanir samstarfsnefnda þar um, þar sem við á.

2. Önnur mál:

Engin önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:00